

## AUGLÝSING

### um deiliskipulagsbreytingu á Akranesi.

*Breyting á deiliskipulagi Smiðjuvalla vegna Esjubrautar 47, Akranesi.*

Á fundi bæjarstjórnar Akraness sem haldinn var þann 14. september 2004, var samþykkt deiliskipulagsbreyting á deiliskipulagi Smiðjuvalla vegna Esjubrautar 47.

Breytingin felst í að á lóðinni Esjubraut 47 verður heimilt að staðsetja lagerbyggingu alveg að lóðarmörkum Kalmansvalla 2.

Deiliskipulagsbreytingin var auglýst samkvæmt 1. mgr. 26. gr. skipulags- og byggingarlaga nr. 73/1997 og hefur hlotið þá meðferð sem skipulags- og byggingarlög mæla fyrir um.

Deiliskipulagsbreytingin tekur þegar gildi.

*Akranesi, 24. nóvember 2004.*

Sviðsstjóri tækni- og umhverfissviðs Akraneskaupstaðar,

**Þorvaldur Vestmann.**